

Reglur um styrki vegna aksturs barna í Eyja- og Miklaholtshrepp

1. gr. Gildissvið

Úthlutunarreglur þessar gilda um styrki vegna barna og unglunga, sem eiga lögheimili í Eyja- og Miklaholtshrepp, fram að lokum grunnskólaaldurs. Styrkirnir eru tveir og ná til:

- a. aksturs á skipulagðar íþróttæfingar sem stundaðar eru og falla undir starfsemi HSH og aðildarfélaga þess, íþróttafélaga á Snæfellsnesi og/eða aksturs vegna tónlistarnáms í Tónlistarskóla Stykkishólms utan daglegs starfstíma Grunnskóla Stykkishólms.
- b. aksturs með börn til vistunar í leikskóla Stykkishólms.

2. gr. Markmið

Markmið með þessum reglum er að stuðla að jöfnun aðstöðumunar barna og unglunga sem eiga lögheimili í Eyja- og Miklaholtshreppi og þurfa um lengri veg að fara til íþróttaiðkana, tónlistarnáms og vistunar í leikskóla.

3. gr. Akstursvegalengd

Ekki eru greiddir styrkir vegna barna og unglunga sem búa innan við 20 km. fjarlægð (önnur leið) frá æfingastað, tónlistarskóla eða leikskóla.

4. gr. Styrkur vegna aksturs barna og unglunga á íþróttæfingar og í tónlistarskóla

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Eyja- og Miklaholtshrepps:

- a. staðfestingu frá íþróttafélagi og/eða deild þar sem fram kemur hversu margar æfingar barn/börn frá viðkomandi heimili hafa stundað.
- b. og/eða staðfestingu frá Tónlistarskóla Stykkishólms um ástundun barns utan daglegs starfstíma Grunnskóla Stykkishólms.

Styrkurinn er ekki greiddur nema ástundun nái a.m.k. 12 skiptum á önn. Aðeins er greiddur einn styrkur á heimili á ári vegna íþróttaiðkana og tónlistarnáms óháð fjölda barna og skal upphæð styrks vera 67 kr. á hvern ekinn km. í 12 skipti á hvorri önn. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að æfingastað/tónlistarskóla – 20 kílómetrar) x 2 x 67 kr. x 12 skipti á önn.

Dæmi: (45 km – 20 km) x 2 x 67 kr. x 12 skipti á önn = 40.200 kr. á önn eða 80.400 kr. á ári. Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Eyja- og Miklaholtshrepps og á heimasíðu sveitarfélagsins.

5. gr. Styrkur vegna akstur barna til vistunar í leikskóla

Til að eiga rétt á styrknum þarf að framvísa á skrifstofu Eyja- og Miklaholtshrepps:

- a. staðfestingu leikskólastjóra á akstri.

Aðeins skal greiða sem nemur einni ferð á dag óháð fjölda barna 67 kr. fyrir hvern ekinn kílómetra. Skal þá miða við eftirfarandi reglu: (Vegalengd þ.e. frá heimili að leikskóla – 20 kílómetrar) x 67 kr. Dæmi: (45 km – 20 km) x 67 kr. = 1.675 kr. á dag. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. skal hámarksupphæð vegna aksturs barna til vistunar í leikskóla ekki fara yfir 170.000 kr. á ári eða 15.454 kr. á mánuði. Sækja skal um á þar til gerðu eyðublaði sem fæst á skrifstofu Eyja- og Miklaholtshrepps og á heimasíðu sveitarfélagsins.

6. gr. Tilhögun greiðslna

Árið skiptist í tvær annir, þ.e. janúar – júní og júlí – desember. Styrkur samkvæmt 4. gr. er greiddur út einu sinni á ári í lok desember að undangenginni auglýsingu frá Eyja- og Miklaholtshrepp. Styrkur samkvæmt 5. gr. er greiddur út tvisvar sinnum á ári. Annars vegar í júlí vegna tímabilsins janúar – júní og hins vegar í desember vegna tímabilsins júlí – desember að undangenginni auglýsingu frá Eyja- og Miklaholtshrepp. Sækja þarf um styrkina innan tveggja mánaða frá birtingu auglýsingar annars falla þeir niður.

7. gr. Gildistaka

Reglur þessar taka gildi 1. ágúst 2023.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps þann 18. júlí 2023.